

232/34

Fundur haldinn í héraðsráði föstudaginn 27. okt. 2006 kl. 10:00 á skrifstofu héraðsnefndar.

Mættir voru: Valgarður Hilmarsson, Adolf H. Berndsen og Tryggvi Jónsson.

Dagskrá:

1. Málefni H.S.B.
2. Rekstur Sæborgar
3. Héraðsskjalasafnið
4. Kvennaskólinn
5. Erindi Farskóla N.l. vestra
6. Erindi Byggðasafnsins Reykjum
7. Erindi Kantrýútvarpsins
8. Skipulag héraðsnefndar
9. Önnur mál.

1. Mættur er á fundinn Valbjörn Steingrímsson framkv.st. HSB og gerði grein fyrir stöðu fjármála stofnunarinnar. Rætt var um nauðsyn þess að farið verði í stefnumótunarvinnu fyrir heilbrigðisþjónustuna í héraðinu. Héraðsráðið leggur til að stofnað verði til samstarfs um verkefnið.
2. Rætt var um ráðningu forstöðumanns Sæborgar.
3. Ein umsókn er um stöðu safnvarðar. Samþykkt að ganga til samninga við umsækjandann.
4. Úttekt hefur verið gerð af Línuhönnun á Kvennaskólahúsinu og gerðar tillögur um endurbætur. Skýrslan er til kynningar.
5. Erindi frá Farskóla N.l.v. þar sem óskað er eftir rekstrarframlagi árið 2007. Vísað til gerðar fjárhagsáætlunar.
6. Erindi frá Byggðasafninu Reykjum þar sem óskað er eftir rekstrarframlagi árið 2007. Vísað til gerðar fjárhagsáætlunar.
7. Erindi Kantrýútvarpsins þar sem óskað er eftir styrk.
8. Skipulag héraðsnefndar. Farið var yfir málið og ákveðið að stefna að fundi héraðsnefndar 23. nóvember n.k. um málið þar sem niðurstaða héraðsráðs verður kynnt.
9. Önnur mál.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 12:00.

-----  
Valgarður Hilmarsson

-----  
Tryggvi Jónsson

-----  
Adolf H. Berndsen